


Niðurstöður viðhorfskönnunar

Hér birtast niðurstöður könnunar sem gerð var meðal þátttakenda í sýningunni **HANDVERK OG HÖNNUN Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR** sem haldin var 4.-7. maí 2017. Þátttakendur voru 36.


Könnunin var framkvæmd dagana 10.- 22. maí 2017. Svörun var mjög góð eða 87%.

1. Sýningin Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur var nú haldin í sextánda sinn. Hve oft hefur þú tekið þátt?




■ Var að taka þátt í fyrsta sinn. ■ Hef tekið þátt 2 til 5 sinnum ■ Hef tekið þátt oftari en 5 sinnum


2. Hefur þú áhuga á að sækja aftur um að taka þátt í sýningunni Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur?



3. Að þínu mati, hver er ávinningurinn af þátttöku í sýningunni Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur? (Hér var hægt að merkja við fleiri en einn svarmöguleika)




4. Framboð vöru. Hakaðu í það sem við á:




- Ég er með meirihluta af mínum vörum í sölu allt árið á einum eða fleiri sölustað
- Ég sé nær eingöngu um sölu sjálf/ur (á vinnustofu, eigin vefverslun, markaðir og sýningar)
- Vil ekki svara

5. Ert þú meðlimur í einhverju eftirtalinna fagfélaga: Arkitektafélagi Íslands, Félagi húsgagna og innanhússarkitekta, Félagi íslenskra teiknara, Fatahönnunarfélagi Íslands, Félagi vöru- og iðnhönnuða, Félagi íslenskra gullsmiða, Leirlistafélagi Íslands eða Textílfélaginu?




- Já
- Nei

6. Á sýningunni lagði ég áherslu á að kynna nýjar vörur.




7. Lögð var áhersla á að þátttakendur hefðu frumkvæði að því að kynna sýninguna. Hvað gerðir þú til að kynna þig og sýninguna? (hægt að merkja við fleiri en einn svarmöguleika).




Annað: snapchat

8. Ákveðið var að prenta ekki kynningarbækling að þessu sinni. Þess í stað var auglýst bæði í dagblöðum og útvarpi og keyptar auglýsingar á facebook og instagram. Þetta var fyrst og fremst gert til að lækka þátttökugjöldin. Kostnaður við prentun og dreifingu á kynningarbæklingi er 2,6 M. Telur þú að þessi ákvörðun hafi haft áhrif á aðsókn á sýninguna?




9. Værir þú til í að greiða ca. 25.000 kr. meira fyrir þátttöku gegn því að kynningarbæklingur verði prentaður og dreift á sama hátt og áður (þ.e. prentuð 87.000 eintök og dreift á höfuðborgarsvæðinu og í nærliggjandi byggðum)?




10. Unnið er markvisst að því að markaðssetja sýninguna fyrir erlenda ferðamenn. Sýningin er skráð inn á alla viðburðavefi fyrir ferðamenn í Reykjavík með góðum fyrirvara. Einnig voru prentuð auglýsingaspjöld á ensku sem dreift var í upplýsingamiðstöðvar og á hótél í Reykjavík.

Voru erlendir ferðamenn meðal viðskiptavina þinna á sýningunni?



Ef já við 10. spurningu.

Hve stór hluti af heildarveltu var sala til erlendra aðila?



11. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum?

- Vorum ósátt við að lýsingin var ekki stillt eins og oft hefur verið gert, og ma. voru kastarar á milli plássá í loftinu sem sneru í áttina frá básunum og lýstu á vegginn á mótum þar sem ekkert var. Eins fengum við þær upplýsingar frá viðskiptavinum að hún hafi ekki vitað af sýningunni þar sem hún er vön að fá bækling sem tilkynnir henni um sýninguna. Mér þætti mikilvægt að annaðhvort hafa bæklingana og borga meira, eða kynna í bæklingunum nýja leið til að fylgjast með í áframhaldi þar sem þeir verði ekki með framvegis.
- Við seldum fyrir 1/3 af því sem að við höfum vanalega selt fyrir en það hefur aldrei gerst áður. Aðsóknin var tilfinnanlega mikið minni. Það er engin spurning að bæklinginn verður að gefa út. Ég held líka að best væri að sleppa fimmtudeginum en hafa opið frá 12 til 19 föstudag til mánudags. Ekki suma daga til 18 og aðra 19 heldur bara einfalt og eins alla daga. Nauðsynlegt að hafa mánudaginn inni því að fólk skoðar sýninguna yfir helgina, ræðir málin, tala við ættingja og vinnufélaga og ákveða sig og kaupa svo á mánudeginum eða koma á mánudeginum af því að þau heyrðu af sýningunni í vinnunni. Það er dýrkeypt að taka allan fimmtudaginn undir þetta og svo er bara opið í 3 tíma. Annars er ég samt mjög ánægð með gæði sýningarinnar og allan undirbúning og umgjörð. Þessi sýning er mér mjög mikilvæg.
- Það bráðvantar að hafa skilti með auglýsingu við alla 3 innganga við Ráðhúsið ! Það var fullt af fólki og ferðamönnum við tjörnina og í miðbænum, sem vissu ekki af sýningunni. Fólk sér og þekkir ekki fánana sem voru ! Það var alltof fáir ferðamenn sem komu í húsið.
- Mér fannst óþarfi að hafa opið á fimmtudeginum frá kl. 12.
- Það virðist sem auglýsingar hafi ekki náð jafn mikilli athygli og bæklingur borin í hús. Spurning hvort bæklingurinn þurfi að vera svona veglegur, gæti ekki einblöðungur gert sama gagn ?